

Nr. 094 / 09 Jonni SH 84***Sekkur í Reykjavíkurhöfn***

Skipaskr.nr. 6988
Smíðaður: Hafnarfirði 1988 plast
Stærð: 9,3 brl. 9,6 bt.
Mesta lengd: 9,93 m Skráð lengd: 9,78 m
Breidd: 3,23 m Dýpt: 1,55 m
Vél: Volvo Penta 151 1992
Fjöldi skipverja: 0



Jonni ©Alfons Finnsson

Gögn:
Lögregluskýrsla
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 4. desember 2009 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sömnargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 20. júlí 2009 var Jonni SH 84 við landfestar í Reykjavíkurhöfn. Veður: Hægviðri.

Báturinn hafði komið úr grásleppuróðri kvöldið áður og gengið var frá honum við bryggju. Þegar færa átti bátinn að löndunarbryggju um morguninn var hann sokkinn. Þegar voru gerðar ráðstafanir til að ná honum á land. Aðalvél Jonna SH reyndist óskemmd en allt rafkerfi var ónýtt.

Við rannsókn kom fram:

- að reykrör frá kabyssu sem kemur upp stjórnborðsmegin fyrir framan stýrishúsið reyndist alveg í sundur;
- að sögn eiganda hafði ekki verið slagsíða á bátnum þegar hann skildi við hann. Hann kvaðst hafa lensað bátinn, lokað fyrir sjóinntakið á vélina og spúl áður en hann yfirgaf hann;
- að 300-400 kg af fiski var í körum aftast í bátnum;
- að sögn eiganda var góður slaki á landfestum.

Nefndarálit:

Nefndin telur líkur á að reykrör kabyssu hafi festst undir bryggjukantinum á fjöru og þrýst bátnum niður á aðfallinu með þeim afleiðingum að sjór rann inn í bátinn.